

Fundargerð

20. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 20. júní 2013 kl. 13:00 – 14:00

Mættir aðalmenn: Jón Hallsteinn Hallsson formaður, Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir, Leo Alexander Guðmundsson og Þröstur Eysteinnsson (var í símasambandi). Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ sem ritaði fundargerð.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send nefndarmönnum þann 12. júní. Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 19. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

JHH ræddi skipun nýrrar erfðanefndar og að nausynlegt væri að senda fundarboð og fundargerðir til varamanna einnig til að þeir væru vel inn í málum.

ÁH sagði frá því að ekki hefði verið ljóst á síðasta fundi nefndarinnar undir hvað skrifstofu innan ANR nefndin félli, en nú er ljóst að það er skrifstofa afurða. ÁH ræddi um málefni Nordgen og sagði reksturinn ganga vel og stofnunin væri komin fyrir vind. Aukafjárveiting sem stofnunin fékk hafi skipt sköpum og krafa sé um að stofnunin hafi varasjóð sem nemi a.m.k. þriggja mánaða rekstrarfé. Mest áhersla sé lögð á kjarnastarf Nordgen þ.e. endurnýjun og viðhald fræsafnsins. Nordgen hélt nýverið upp á fimm ára afmæli sitt.

JHH ræddi um málefni geitfjárstofnsins og vendaráætlun sem kom út á síðasta ári.

4. Rekstur og áætlunargerð

Lagt var fram uppgjör ársins 2012 ásamt drögum að áætlun fyrir 2013. BKB skýrði reikninga.

Inneign í byrjun árs 2012 var 6.047.010 kr., þar af var framlag á fjárlögum 2012 3.400.000 kr. og gjöld 4.452.982 kr., inneign í lok árs var 1.594.028 kr. og þar af eru 612.500 kr. bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Felldir voru niður tveir styrkir vegna þess að lokaskýrslur hafa ekki borist fyrir verkefni um forystufé 546.150 kr. og veggspjöld um íslensku húsdýrin 75.000 kr., samtals 621.150 kr.. Lokaskýrslu um verkefnið „Söfnun loðvíðis og gulvíðis“ hefur verið skilað og kemur sú greiðsla á gjaldalið rekstraryfirlits fyrir árið 2013.

Áætlun fyrir árið 2013 var lögð fram og í henni hefur framlag til nefndarinnar hækkað úr 3.400.000 kr. í 4.400.000 kr. Til ráðstöfunar eru þá 5.994.028 kr. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárstofnsins verður 1.800.000 kr. og 2.500.000 kr. vegna verksamnings við erfðalindasetur, auk þess er gert ráð fyrir kostnaði vegna málþings 100.000 kr. og vegna nýrrar landsáætlunar 150.000 kr.

5. Landsáætlun um íslenskar erfðaauðlindir 2014-2018

Rætt var um nýja landsáætlun og lagði JHH til að nefndarmenn færu yfir þá kafla sem heyrðu undir þeirra málaflokk og drög að nýrri landsáætlun yrðu tilbúin fyrir næsta fund nefndarinnar.

BKB mun senda nefndarmönnum viðeigandi kafla fyrir sumarfrí. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

6. Önnur mál

Rætt var um aukið samstarf við sérfræðingahópa Nordgen sem eru á eftirfarandi sviðum: húsdýr (Emma Eyþórsdóttir og Jón Hallsteinn Hallsson), skógur (Úlfur Óskarsson og Skúli Björnsson), grænmeti (Sigurgeir Ólafsson og Ingólfur Guðnason), ávextir og ber (Samson B. Harðarson og Hjörtur Þorbjörnsson), grös (Guðni Þorvaldsson) og olíujurtir (Þóroddur Sveinsson). JHH lagði til að Nordgen hópar hittist einu sinni á ári og miðli upplýsingum.

Á fundi nefndarinnar þann 6. september 2012 var samþykkt að málþing 2013 yrði helgað kartöflunni, til að minna á þá fjölbreytni sem finnst í kartöfluyrkjum hér á landi.

BKB skýrði frá undirbúningi málþingsins. Málþingið verður haldið í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka þann 14. september 2013. Búið er að setja niður níu mismunandi kartöfluyrki í matjurtagarð Húsins (gular Akureyri, rauðar íslenskar, gullauga, Helga, bláar íslenskar, Látrarauðar, Belana, Asterix og Annabella). Þrír til fjórir fyrirlesarar verða með erindi um sögu, ræktun og nýtingu kartöflunnar.

JHH ræddi um þingsályktunartillögu um eflingu geitfjárstofnsins og einnig þau verkefni sem nefndinni er falið að vinna að. Fjárveiting til nefndarinnar dugi engan veginn til að hún geti sinnt þessum verkefnum. BKB benti á að tvær þingsályktunartillögur um eflingu geitastofnsins væru til meðferðar hjá Alþingi, ein frá 2007 sem enn væri til umfjöllunar í nefnd og sú síðari síðan í vor.

JHH falið að skrifa bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra til að vekja athyggli á nauðsyn þess að auka fjáveitingar til nefndarinnar.

7. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund um mánaðarmótin okt.- nóv. um leið og haldin verður fundur með sérfræðingahópum Nordgen.